

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um takmörk verzlunar-
lóðarinnar í Grimsey. 112**
25. ág.

Með bréfi, dags. 4. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Grimsey, sem með lögum nr. 30, 8. nóv. 1883, varð löggiltur verzlunarstaður, ásamt tveim eintökum af uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Grimsey, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hér segir:

Bein lína úr kletti vestanvert við Nedri-Sandvikurlendingar (Vararkletti) 70 metra frá stórstraumsflóðmáli á land upp í merki í túninu suðvestan við Nedri-Sandvikurbæ, þaðan lína, 220 metra, sem liggur í sveig eftir höfninni (70 metra frá stórstraumsflóðmáli) að merki í Efri-Sandvikurtúni vestanvert við Efri-Sandvikurbæ, og þaðan bein lína, 70 metra á lengd, í svonefnda Efri-Sandvikurflúð (eða hlein); á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar og endursenda yður annað eintakið af hinum framannefnda uppdrætti, skal lagt fyrir yður að sjá um, að uppdrátturinn verði geymdur með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og haldi við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

**Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um skifting Skriðu-
hrepps í tvö sveitarfélög. 113**
25. ág.

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 2. þ. m., hefir stjórnarráðinu borist ányjað erindi frá hreppsnefnd Skriðuhrepps um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hér segir:

1. Öxnadalur allur, að austan ofan að núverandi hreppamörkum, Bægisánni, að vestan ofan að landamerkjum Miðhálsstaða og Staðartungu, sem eru fjalls- og hálsbrúnin, úti Skinndráttargjá og þaðan beint austur til Öxnadalsár, sé hreppur út af fyrir sig og nefnist Öxnadalshreppur, en Hörgárdalur frá nefndum takmörkum, fram í gegn og ofan að hinum fornu hreppamörkum, sé hreppur út af fyrir sig og haldi nafninu Skriðuhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skriðuhrepps, þeim er verða, þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut hins nýja Skriðuhrepps komi $\frac{2}{3}$ hlutar, en í hlut Öxnadalshrepps $\frac{1}{3}$ hluti, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem